

## Ákvörðun heildaraflamarks fiskveiðiárið 2010/11

Hafrannsóknastofnunin gaf út í byrjun júní sl. tillögur sínar um afla fiskveiðiárið 2010/11. Skv. 3. gr. laga um stjórn fiskveiða skal sjávarútvegsráðherra, að þeim tillögum fengnum, ákveða með reglugerð heildarafla sem veiða má úr þeim nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Jón Bjarnason, hefur nú undirritað reglugerð um leyfilegan heildarafla fiskveiðiárið 2010/11. Reglugerðin tekur að mestu mið af tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar en þó eru á því nokkrar undantekningar sem nánar verður fjallað um hér á eftir.

Ákvörðun heildaraflamarks að þessu sinni verður að skoða í ljósi þess að í gangi er vinna við endurskoðun á fiskveiðistjórnuninni. Starfandi er vinnuhópur sem í eiga sæti fjölmargir aðilar og ætlað er að hópurinn muni fljótlega skila af sér. Tillögur hans, ákvæði samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og vinna stjórnvalda og Alþingis í framhaldinu munu hafa í för með sér breytingar.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er tiltekið að veiðiheimildir skuli ákvarðast á grundvelli nýtingarstefnu sem gefin er út til lengri tíma. Hafrannsóknastofnunin hefur hafið undirbúning nýtingarstefnu í ufsa og ýsu og jafnvel fleiri tegundum, sem mun gera það kleift að setja fram slíka stefnu fyrir fleiri stofna en þorsk. Skiptar skoðanir hafa verið um nýtingarstefnuna í þorski og þá aflareglu sem nú er miðað við. Þorskstofninn hefur stækkað meira og fyrr en gert var ráð fyrir í eldri spám Hafrannsóknastofnunarinnar, þrátt fyrir að veitt hafi verið talsvert umfram aflareglu. Raunar hefur tvívegis verið aukið við þorskaflann um 30 þúsund tonn í hvort skipti á liðnum árum og síðast í janúar 2009. Með hliðsjón af þessu hefur Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ákveðið að setja á laggirnar samráðsvettvang um nýtingarstefnuna sem í eigi sæti m.a. fulltrúar stjórnvalda, atvinnugreinarinnar og fiskifræðinga. Fyrsta verkefni samráðsvettvangsins er að fara yfir aflaregluna í þorski og meta hvort ástæða er til að leggja til breytingu á henni með tilliti til breyttra aðstæðna og sterkari stöðu stofnsins. Verði lögð til breyting mun verða haft samráð við Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) m.a. með tilliti til sjálfbærni veiðanna. Næsta verkefni samráðsvettvangsins er að fjalla um, hvort hægt sé að mæla með að tekin verði upp nýtingarstefna vegna veiða á ufsa.

Það er mat sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Jóns Bjarnasonar, að mjög mikilvægt sé að ítarleg kynning og umræða fari fram áður en nýtingarstefna er ákveðin fyrir einstakar fisktegundir til fjölda ára. Nauðsynlegt er því að Hafrannsóknastofnunin efli mjög kynningu á starfi sínu gagnvart sjómönnum, útgerðinni, fiskvinnslunni og almenningi.

Komið getur til lagabreytinga í vetur sem kveða á um breytta framkvæmd úthlutunar, verði um að ræða aukningu á magni í einstökum tegundum á fiskveiðiárinu.

Bent er á að veiðar á löngu og keilu og þó meira löngu á þessu fiskveiðiári, bera þess merki að upphafleg úthlutun veiðiheimilda skapi nú ójafnvægi. Augljóslega hafa veiðiheimildir verið of

þröngt skornar og jafnvægi milli kerfa er raskað með tilheyrandi meðaflavandamálum og þörf fyrir tegundatilfærslur að sama skapi. Löngustofninn er án alls vafa í sókn og er að flytja sig á ný svæði.

Lagt verður fram frumvarp á Alþingi sem tekur til úthlutunar á veiðiheimildum í makríl fyrir næsta fiskveiðiár. Meginmarkmiðið verði að ná sem fjölbreyttustum notum af makríl í samræmi við þá framtíðarstefnu sem mörkuð verður um stjórn fiskveiða.

Gert er ráð fyrir að úthafs-rækjuveiðar verði gefnar frjálssar á fiskveiðiárinu 2010/11, þar sem ekki hefur á neinu fiskveiði ári frá fiskveiðiárinu 2000/01 verið aflað upp í útgefið aflamark. Í þessu sambandi er vísað til skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um veiðar á úthafs-rækju frá árinu 2010.

Í henni segir:

*“Að framansögðu virðist sem sóknarstýring gæti hentað við veiðistjórnun á úthafs-rækju og myndi það líklega vinna gegn því að heimildir dögðu uppi í lok fiskveiðiárs, auk þess sem slík stýring byggir ekki á aflamarki sem leitt getur til millifærslu bolfisks. Einnig myndu afleiðingar óvissu í stofnmati á úthafs-rækju væntanlega verða minni. Með sóknarstýringu á rækjuveiðum yrði upphaflega miðað við sóknartíma á tilteknu viðmiðunartímabili og sóknin stillt þannig við innleiðingu kerfisins að talið yrði að stofninn þyldi vel álagið. Eftir því sem rækjukannanir og aflí á sóknareiningu í veiðunum breyttust sveiflaðist aflinn, en eðlilegast væri að skilgreina viðmiðunarmörk í afla á sóknareiningu eða í stofnmælingu sem kveði á um hvernig dregið yrði úr sókn eða hún aukin eftir mældum stærðum.”*

Síðan segir í niðurstöðum vinnuhópsins:

*“Með sóknarstýringu á úthafs-rækjuveiðum mætti vinna gegn því að heimildir til úthafs-rækjuveiða dögðu uppi. Um allverulega kerfisbreytingu yrði að ræða sem krefðist breytinga á löggjöf.”*

Þessi ákvörðun er tekin til eins árs og henni er ætlað hvetja til betri nýtingar á úthafs-rækjustofninum og þannig verði sem mestum verðmætum náð. Í lok ársins verði staðan svo endurmetin. Gert er jafnframt ráð fyrir að lagt verði fram frumvarp á haustþingi um stýringu rækjuveiða fiskveiðiárið 2010/11.

Nú er karfa í fyrsta sinn skipt í gullkarfa og djúpkarfa við ákvörðun heildaraflamarks. Er það í samræmi við nýlegar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.

Líkt og áður leggur Hafrannsóknastofnunin til mikinn samdrátt í veiðum á ýsu. Því miður er margt sem bendir til þess að áhyggjur stofnunarinnar eigi við rök að styðjast og því verði að fara mjög varlega í veiðum á ýsu á næstu árum og áframhaldandi samdráttur því óhjákvæmilegur. Fylgjast verður þó vel með stofninum og breytingum í göngumynstri.

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar hvað ufsa varðar tekur mið af því að enn liggur ekki fyrir staðfest nýtingarstefna. Í því ljósi telur ráðuneytið að ekki sé tekin sérstök áhætta með ákvörðun óbreyttrar veiði á næsta fiskveiðiári. Hafrannsóknastofnunin mælir nú eingungis með 8.500 tonna afla af steinbít á næsta fiskveiðiári. Í ráðgjöf stofnunarinnar er ekki tekið tillit til takmörkunar á tegundatilfærslum á næsta ári. Með því að færa heildaraflamark ýmissa flatfisktegunda að raunverulegri veiði mun steinbítisafli minnka en nú er vænta niðurstöðu starfshóps ráðuneytisins um þetta efni, þar sem líklega verða lagðar til aðrar breytingar í sömu átt. Ráðuneytið mun jafnframt fara vel yfir, í samráði við Hafrannsóknastofnunina, hvernig háttað er friðun steinbíts á hrygningarslóð á Látragrundi yfir hrygningar- og klaktíma og hvort friða þurfi hrygningarslóð

steinbíts á fleiri veiðisvæðum við landið. Þurfi að grípa til sérstakra víðtækari ráðstafana vegna þessa mun það verða gert.

Úthlutun á heildaraflamarki fyrir flesta flatfiskstofna tekur mið af ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar og raunverulegum veiðum. Það er mat ráðuneytisins að fara þurfi vel yfir rannsóknir og veiðipól þessara stofna og bæta nýtingu þeirra og kemur þá til álita, hvort núverandi kerfi sé ætíð það heppilegasta þegar um er að ræða stofna þar sem veiðin er að ákveðið stórum hluta meðafli.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að beinum veiðum á lúðu skuli hætt. Starfandi hefur verið hópur á vegum ráðuneytisins um lúðuveiðar. Hann hefur ekki enn skilað af sér, en svo virðist sem grípa þurfi til fjölbreytilegri aðferða til verndar lúðustofninum en eingöngu stöðvunar beinna lúðuveiða. Nýjar aðferðir gætu m.a. falist í að gert yrði samkomulag við sjómenn um að sleppa lífandi lúðum undir tiltekinni stærð. Þannig mætti einnig auka verulega merkingar á uppvaxandi lúðu. Reynsla er fyrir þessari aðferð erlendis.

Ráðuneytið telur rétt að útgefið heildaraflamark fyrir grálúðu verði 13.000 tonn enda óumsamið um þennan stofn.

Áfram verður unnið að ýmsum verkefnum í samæmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna. Eins og þekkt er tekur gildi reglugerð um lokun sjö fjarða fyrir veiðum með dragnot 1. september næstkomandi. Settar verða upp sérstakar rannsóknir og vöktun til að fylgjast með lífríki þessara fjarða næstu fimm árin. Þessar rannsóknir og vöktun verða falin rannsóknaaðilum í heimabyggð eins og kostur er. Augljóst er svo að haldið verður áfram á þeirri braut að vernda grunnslóðina enn frekar.

Eins og kunnugt er greiðir útgerð fiskiskipa svokallað veiðigjald í ríkissjóð. Gjaldið er lagt á úthlutaðar aflaheimildir eða landaðan afla einstakra tegunda. Gjaldið tekur mið af afkomu greinarinnar hverju sinni. Áætlanir gera ráð fyrir að veiðigjald skili 2.700 - 2.900 m.kr. í ríkissjóð á fiskveiðiárinu 2010/11 og hafi þá hækkað um helming, en á yfirstandandi fiskveiðiári er áætlað að gjaldið skili um 1.400 m.kr. í ríkissjóð.

## Tafla

Ákvörðun um leyfilegan heildarafla fiskveiðiárið 1. september 2009 til 31. ágúst 2010:

Tegund	Aflamark 2008/2009	Ráðgjöf Hafrannsókn- stofnunarinnar 2009/2010	Ákvörðun 2009/2010	Ráðgjöf Hafrannsókn a- stofnunarinn ar 2010/2011	Ákvörðun 2010/2011
Þorskur	162.500	150.000	150.000	160.000	160.000
Karfi	50.000	40.000	50.000	30.000/10.000	30.000/10.000
Ýsa	93.000	57.000	63.000	45.000	50.000
Ufsi	65.000	35.000	50.000	40.000	50.000
Grálúða	15.000	5.000	12.000	5.000	13.000
Steinbítur	13.000	10.000	12.000	8.500	12.000
Skrápflúra	1.000	200	1.000	200	200
Skarkoli	6.500	5.000	6.500	6.500	6.500
Sandkoli	1.000	500	1.000	500	500
Keila	5.500	5.000	5.500	6.000	6.000
Langa	7.000	6.000	7.000	7.000	7.000
Þykkvalúra	2.200	1.800	2.200	1.800	1.800
Skötuselur	3.000	2.500	2.500	2.500	2.500
Langlúra	2.200	1.600	2.200	1.300	1.300
Úthafsækja	7.000	7.000	7.000	7.000	frjálsar
Humar	2.200	2.200	2.200	2.100	2.100

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið,  
16. júlí 2010